

51. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 19. mars 2019, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Dóróþea Reimarsdóttir (varaformaður), Ásgeir Logi Ásgeirsson, Guðrún Unnsteinsdóttir (í forföllum Rósu Jónsdóttur), Sunna Karen Jónsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari. Katrín Freysdóttir mætti ekki og boðaði ekki forföll. Edward Huijbens boðaði forföll og ekki náðist í varamann.

Dagskrá

1. Ársskýrsla 2018

Aðstoðarskólameistari lagði fram ársskýrslu skólans fyrir árið 2018. Skýrslan hefur verið birt á vef skólans.

2. Starfsmannamál

Skólameistari gerði grein fyrir starfsmannamálum. Iðjuþjálfinn fór í fæðingarorlof um síðustu mánaðamót. Þroskajálfinn sér um afleysingu. Aðrar breytingar hafa ekki orðið.

3. Störf skólanefndar

Farið var yfir hlutverk og starf skólanefndar á fundi í nóvember. Ekki er talin ástæða til að fara frekar yfir það á þessum fundi.

4. Rekstrarniðurstöður fyrra árs

Rekstrarniðurstöður ársins 2018 liggja ekki enn endanlega fyrir. Nokkrar umræður um rekstrarumhverfi framhaldsskóla.

5. Önnur mál

5.1 Óveðursdagur

Skólameistari gerði grein fyrir fyrirkomulagi kennslu í skólanum á óveðursdögum þegar skólaakstur fellur niður. Lagði fram bréf sem hún hefur sent nemendum og aðstandendum nemenda yngri en 18 ára.

5.2 Breyting á brautaframboði

Skólameistari tilkynnti að hann hefði lokað námsbraut í fisktækni. Ekki hefur tekist að ljúka við útfærslu brautarinnar og hún ekki fengist staðfest hjá ráðuneyti. Nú hefur tónlistarsvið listabrautarinnar verið opnað aftur og mögulegt að innrita nemendur á það.

5.3 Fundur skólanefndar í maí

Skólameistari óskaði eftir því, fyrir hönd formanns skólanefndar, að færa fund nefndarinnar í maí til 4. júní. Einnig kom fram ósk um að fundartími yrði færður til kl. 15:15 framvegis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.